

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 23. mars 2009 í máli nr. S-1247/2008:

Ákærvaldið

(Guðjón Magnússon fulltrúi)

gegn

Kristínu Sigurðardóttur og

Reyni Jónssyni

(Sveinn Jónatansson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 23. febrúar sl., er höfðað með ákæru útgefinni af lögreglustjóranum í Reykjavík 23. september 2008 á hendur Kristínu Sigurðardóttur, og Reyni Jónssyni, Mónaði 45, Reykjavík, „fyrir fjárdrátt með því að hafa, ákærði Reynir sem stjórnarmaður Fjallasports ehf., Malarhöfða 2, Reykjavík, og ákærða Kristín sem framkvæmdastjóri og varamaður í stjórn félagsins og bæði sem daglegir stjórnendur, á tímabilinu frá júní 2003 til júlí 2004, dregið félaginu meðlagsgreiðslur eins starfsmanns félagsins, alls 658.106 kr., sem ákærðu héldu eftir af launagreiðslum til starfsmannsins og ganga áttu til Innheimtustofnunar sveitarfélaga innan hálfis mánaðar samkvæmt 1. tl. 7. mgr. 5. gr. laga nr. 54, 1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Skipast greiðslur þannig á launatímabil:

2003

Júní 62.232 kr.

Júlí 62.232 “

Ágúst 62.232 “

September 62.232 “

Október 62.232 “

Nóvember 62.232 “

Desember 62.232 “

2004

Janúar	62.232 “
Febrúar	48.075 “
Mars	64.100 “
Júlí	<u>48.075 “</u>
Samtals	658.106 kr.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar.

Af hálfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga, er þess krafist, að ákærðu verði dæmd til greiðslu skaðabóta og sundurliðast krafan þannig:

„Höfuðstóll x 2	545.931 kr.
Dráttarvextir til 01.11.2007 x 2	585.145 “
Innheimtuþóknun x 2	122.908 “
Kostnaður v/birtingar greiðsluáskorunar	1.500 “
Fjárnámsbeiðni x 2	18.945 “
Kostnaður v/fjárnáms, útlagt x 2	30.361 “
Vextir af kostnaði x 2	16.372 “
Frádregin innborgun	<u>-19.574 “</u>
Krafa samtals:	1.301.588 kr.

Þá er þess krafist að ofangreind fjárhæð beri dráttarvexti samkvæmt II. kafla vaxtalaga til greiðsludags.““

Í þinghaldi hinn 26. nóvember sl. var af hálfu ákærðu gerð krafa um að máli þessu yrði vísað frá dómi. Var þeirri kröfu hafnað með úrskurði uppkveðnum 16. desember sl. Af hálfu ákærðu er þess nú krafist að ákærðu verði sýknuð af ákæru. Til vara er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa. Þess er og krafist að bótakröfu verði vísað frá dómi. Að öðrum kosti verði ákærðu sýknuð af henni eða hún lækkuð verulega. Loks er krafist málsvarnarlauna að mati dómsins.

Málavextir

Með bréfi til lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 9. febrúar 2006, kærði Innheimtustofnun sveitarfélaga forsvarsmenn Fjallasports ehf., fyrir meint brot á XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, einkum 247. gr. Er í bréfinu vísað til þess að tilgreindur starfsmaður félagsins hafi komið að máli við stofnunina í upphafi ársins 2003 og upplýst að dregið hefði verið af launum hans meðlag sem Fjallasport ehf. hefði ekki skilað til kæranda. Hefði hann og sent launaseðla til kæranda sem hefði sannreynt að dregnar hefðu verið af starfsmanninum 658.106 krónur án þess að þeirri fjárhæð væri skilað áfram til kæranda. Hefðu forsvarsmenn Fjallasports ehf. ekki sent skilagreinar til kæranda til að upplýsa um hinar afdregnum fjárhæðir og þannig leynt kæranda sem viðtakanda fjárins því að hann hefði haft fjármunina í vörslum sínum. Er í bréfi kæranda jafnframt vísað til þess að reynt hafi verið án árangurs að innheimta skuldina hjá Fjallasporti, þrátt fyrir lagaskyldu félagsins um að halda fé þessu aðgreindu frá eigin fé þess, sbr. 1. tl. 7. mgr. 5. gr. laga nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Samkvæmt fyrirbyggjandi útprentun úr Hlutafélagaskrá var ákærði Reynir eini stjórnarmaður Fjallasports ehf. en ákærða Kristín var skráður varamaður í stjórn og framkvæmdastjóri. Bæði voru þau með prókúruumboð fyrir félagið.

Skýrslur fyrir dómi

Ákærða Kristín Sigurðardóttir kvaðst hafa verið framkvæmdastjóri Fjallasports ehf. og sem slík haft með höndum fjármálastjórn og séð um allan daglegan rekstur þess. Í því hefði meðal annars falist að hún hefði annast allt uppgjör og skil á sköttum og gjöldum félagsins. Sagði hún eiginmann sinn, meðákærða Reyni, frekar hafa séð um ýmsa verklega þætti í tengslum við reksturinn en hann hefði ekkert komið að fjármálunum eða stjórnuninni. Ákærða sagðist hafa vitað að umrætt meðlag væri í vanskilum. Hins vegar hefðu verið miklir erfiðleikar í rekstrinum. Hún hefði reynt að halda öllu í horfinu og halda rekstrinum gangandi frá degi til dags, en í raun hefði verið um eins konar neyðarástand að ræða vegna stöðugra

hótana kröfuhafa. Hefði hún því ekki getað skilað umræddum greiðslum til Innheimtustofnunar því engir peningar hefðu verið til. Kannaðist hún við að þau Reynir hefðu eitthvað rætt um hvað greiða skyldi hverju sinni. Verulegir erfiðleikar hefðu byrjað í rekstrinum 2003 en félagið hefði ekki hætt starfsemi fyrr en á árinu 2008. Fram kom hjá ákærðu að ekki væru gerðar athugasemdir við gögn málsins og tölulegar forsendur ákærunnar. Hún staðfesti að skýrsla sem hún gaf hjá lögreglu væri rétt en hún kvað það rangt sem þar er haft eftir Reyni eiginmanni hennar að þau hefðu bæði borið ábyrgð á þessu. Tók ákærða að lokum fram að hún hefði engan persónulegan ávinning haft af því að skila ekki umræddum greiðslum.

Ákærði Reynir Jónasson kvaðst hafa séð um ýmsan daglegan rekstur félagsins, annað en það er laut að fjármálum, en Kristín hefði algjörlega séð um þau. Kvaðst hann ekki geta útilokað að þau hefðu rætt eitthvað saman um hvaða skuldir félagsins ætti að greiða en hann myndi þó ekki hvort þau hefðu rætt um þær greiðslur sem hér um ræðir. Málið hefði snúist um að reyna að greiða allt sem þurft hefði að greiða. Kannaðist hann við að hafa verið skráður stjórnarmaður félagsins og prókúruhafi, ásamt Kristínu. Félagið hefði lent í miklum fjárhagserfiðleikum. Allt frá árinu 2001 hefði reksturinn verið mjög erfiður og sérstaklega hefði hann verið erfiður árin 2003 og 2004.

Niðurstöður

Ákærði Reynir var skráður sem eini stjórnarmaður Fjallasports ehf. og ákærða Kristín sem framkvæmdastjóri þess. Liggur fyrir að Kristín hefði haft með höndum daglega stjórnun á fjárhagsmálefnum félagsins. Báru þau því bæði ábyrgð á því að lögbundnum greiðslum félagsins væri skilað skv. 44. gr. laga um einkahlutafélag nr. 138/1994.

Ekki er um það ágreiningur að dregnar hafi verið af launum starfsmanns Fjallasports ehf. þær meðlagsgreiðslur sem tilgreindar eru í ákæru á tímabilinu júní 2003 til júlí 2004 án þess að þeim hafi verið skilað áfram til Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Hafa bæði ákærðu borið því við að á þessum tíma hafi félagið átt við mikla fjárhagserfiðleika að stríða og að allar tekjur þess hafi farið í að halda rekstri félagsins gangandi í von um að úr rættist. Kom fram hjá ákærðu Kristínu að rekstri félagsins hefði verið haldið áfram allt til ársins 2008. Samkvæmt þessu liggur fyrir að rekstrinum var haldið áfram í langan tíma eftir að afdráttur meðlagsgreiðslnanna af launum starfsmannsins átti sér stað. Verður samkvæmt því að telja að í rekstrinum hafi verið til ráðstöfunarfé sem ákærðu hafi hagnýtt til að halda honum áfram í stað þess að efna þær skyldur sínar sem kveðið er á um í 5. gr. laga nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga að halda hinu afdregna fé aðgreindu í rekstri félagsins og skila því til Innheimtustofnunar. Með þessu gerðust bæði ákærðu sek um að draga félaginu 658.106 krónur eins og í ákæru greinir og brutu þannig gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærðu hafa ekki áður gerst sek um refsiverðan verknað. Kæra vegna máls þessa barst lögreglu með bréfi dags. 9. febrúar 2006. Skýrsla var þó ekki tekin af ákærðu fyrr en í ágúst og október 2007. Ákæra var síðan gefin út hinn 23. september 2008. Samkvæmt því er ljóst að rannsókn málsins hefur dregist úr hömlu þrátt fyrir að það sé ekki mikið að umfangi. Hefur töf þessi ekki verið skýrð með viðhlítandi hætti. Að þessu virtu þykir eins og hér háttar rétt að fresta ákvörðun um refsingu beggja ákærðu og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá dómsbirtingu að telja haldi þau almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur krafist þess að ákærðu verði dæmd til greiðslu skaðabóta samtals að fjárhæð 1.301.588 krónur, svo sem nánar er sundurliðað í ákæru, að viðbættum áfallandi dráttarvöxtum. Þar af nemur höfuðstóll skuldarinnar 545.931 krónu. Ákærðu hafa mótmælt skaðabótakröfunni. Bú Fjallasports ehf. mun hafa verið tekið til gjaldþrotaskipta hinn 27. júní 2008. Ekkert liggur fyrir í málinu um hvort kröfu vegna hinna afdregnu meðlagsgreiðslna hefur verið lýst í þrotabúið og þá hvort eitthvað hafi greiðst upp í hana. Ekki var mætt af hálfu kröfuhafa við aðalmeðferð málsins þrátt fyrir tilkynningu þar um. Er það mat dómsins að nauðsyn hafi borið til að umrædd bótakrafa væri reifuð frekar fyrir dóminum. Verður því ekki hjá því komist að vísa henni frá dómi.

Ákærðu greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Jónatanssonar hæstaréttarlögmanns, 249.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ásgeir Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Frestað er ákvörðun refsingar ákærðu, Kristínar Sigurðardóttur og Reynis Jónssonar, og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá dómsbirtingu að telja haldi þau almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærðu greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Jónatanssonar hæstaréttarlögmanns, 249.000 krónur.

Ásgeir Magnússon